



– SKÝJABORG –

Deildarnámskrá Dropans

Uppfærð júní 2024

Efnisyfirlit

DROPINN	3
AÐLÖGUN	3
ÁHERSLUÞÆTTIR Á DROPANUM	3
DAGLEGT LÍF Í LEIKSKÓLA	5
AÐ KOMA OG FARA	5
Í FATAHERBERGI.....	5
HREINLÆTI	6
MÁLTÍÐIR.....	6
HVÍLD.....	6
UMGENGNI	6
ÚTIVERA	7
HÓPASTARF	7
SAMVERUSTUNDIR	7
VINASTUNDIR.....	8
LEIKURINN.....	8
NÁMSSVIÐ LEIKSKÓLA	9
SJÁLFBÆRNI OG VÍSINDI.....	9
LÆSI OG SAMSKIPTI	10
HEILBRIGÐI OG VELLÍÐAN.....	11
SKÖPUN OG MENNING	12
EFTIRFYLGD OG ENDURSKOÐUN	13

Dropinn

Leikskóli er fyrsta skref einstaklings inn í menntakerfið og er því formlegt upphaf menntunar barna. Þessi tími er mikilvægur fyrir þroska og nám einstaklings. Dropinn vinnur í samstarfi við foreldra við að efla og fylgjast með þroska barna, að veita öllum börnum hvetjandi og hollt uppeldisumhverfi ásamt því að stuðla að vellíðan og öryggi þeirra. Styrkleikar, hæfni og þörf barna fyrir leiðsögn og vernd fullorðinna er í fyrirúmi á Dropanum. Við viðurkennum að þarfir og þroski barna er mismunandi og stuðlum að því að hvert og eitt barn fái að njóta sín sem best.

Dropinn er yngri deild leikskólans. Þar dvelja að jafnaði 16 börn á aldrinum 1-3ja ára. Á Dropanum er lögð áhersla á gott og jákvætt upphaf leikskólagöngu fyrir barn og foreldra þess. Mikilvægt er að gefa barni góðan tíma til að ná styrkum tengslum við starfsmann / starfsmenn deildarinnar.

Aðlögun

Aðlögun barna fer fram í samráði við deildarstjóra og foreldra. Alla jafna er gert ráð fyrir því að aðlögun taki nokkrar vikur. Í fyrstu viku lengist sá tími sem barnið er eitt í leikskólanum smám saman. Næstu vikur eru starfsmenn og foreldrar vakandi fyrir því að gera það sem hægt er til að hjálpa barninu að verða öruggt í leikskólaumhverfinu. Sá ferill getur tekið langan tíma og mikilvægt að sýna barninu stuðning og skilning á meðan það er að aðlagast þeirri breytingu að byrja í leikskóla.

Áhersluþættir á Dropanum

Á Dropanum er lagt upp með að barn:

- Æfi sig í að vera í leikskóla og tilheyra fjölbreyttum barnahópi þar sem jafnrétti, samstaða og viðurkenning er varðar ólík sjónarmið og menningu eru höfð í fyrirúmi.
- Eigi í jákvæðum samskiptum við önnur börn og fullorðna ásamt því að efla samlíðan, samkennd og virðingu gagnvart öðrum.
- Fái aðstoð við að rækta hæfileika sína, sjálfsmynd og færni.
- Fái markvissa málörvun og hreyfipjálfun.
- Fái tíma og rými til að leika sér í frjálsum leik, að kanna, uppgötva og endurtaka.

Á Dropanum vinnum við út frá því smáa, út frá barninu sjálfu og hjálpum því að læra á umhverfi sitt í leikskólanum. Börnin læra til dæmis í gegnum leik, tónlist, hreyfingu, sköpun, málörvun, samveru og athafnir daglegs lífs.

Gildi skólans eru **virðing, vellíðan, samvinna og metnaður** og endurspeglast þau í öllu starfi í leikskólanum. Starfsmenn geta ávallt spurt sig hvort framkoma eða viðbrögð þeirra samræmist uppeldissýn leikskólans.

 VIRÐING Í skólanum er lögð áhersla á að börn og fullorðnir komi fram af virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu. Það er einn af grunnþáttum farsælla samskipta.	 VELLÍÐAN Velliðan er grundvöllur árangursríks náms og starfs. Skólinn leggur sig fram við að stuðla að vinnuvernd og andlegu og líkamlegu öryggi sem er einna mikilvægast í að stuðla að vellíðan.	 SAMVINNA Samvinna í skólastarfi er mikilvæg, með henni lærist að taka tillit til þarfa og skoðana annarra, koma skoðunum á framfæri, gera málamiðlanir og læra með og af öðrum.	 METNAÐUR Mikilvægt er að starfsfólk og börn/nemendur hafi metnað til þess að leggja sig fram í námi og starfi og að skólinn hafi hæft starfsfólk sem hefur velferð barna/nemenda að leiðarljósi.
---	---	--	---

Hornsteinar menntastefnu Hvalfjarðarsveitar eru **læsi, sköpun og fagmennska**. **Læsi** er vítt hugtak sem er í stöðugri þróun, en það nær yfir þekkingaröflun og skilning einstaklings á umhverfi og samfélagi. Læsi hefst í frumbersku og þróast og þroskast út ævina. **Sköpun** tengist gagnrýnni hugsun og víðsýni. Þá eru börn hvött til að efla forvitni sína, stíga út úr þægindarammanum og hvött til hugrekksis að kanna hið óþekkt. **Fagmennska** snýr að starfsfólki leikskólans og hefur áhrif á menntun barna, uppeldi og velferð.

 LÆSI Læsi í margvíslegri mynd er lykillinn að því að geta aflað sér nýrrar þekkingar. Þannig er læsi lykillinn að þekkingaröflun og skilningi á umhverfi og samfélagi.	 SKÖPUN Í skapandi skólastarfi fá einstaklingar að uppgötva, njóta, fylgja nýjum leiðum, virkja ímyndunarafl og áhuga í þekkingarleit og við að búa til nýja þekkingu.	 FAGMENNSKA Gæði og árangur byggist fyrst og síðast á vel menntuðum, áhugasömum og metnaðarfullum fagstéttum á öllum skólastigum sem hafa faglegt frumkvæði í starfi.
---	--	---

Daglegt líf í leikskóla

Daglegt líf í leikskólanum tekur mið af þörfum barnahópsins hverju sinni. Leitast er við að skipuleggja umhverfi og athafnir þannig að allir geti tekið þátt í daglegu starfi. Dagskipulagið markast af athöfnum sem lúta að líkamlegum og andlegum þörfum barna og heilsu. Þau matast, þvo sér, hvíla sig og sofa á föstum tímum og hefur leikurinn mikið vægi í dagskipulaginu þess á milli. Leitast er við að hafa jafnvægi milli frjálsra og skipulagðra verkefna og leiks.

Í gegnum athafnir daglegs lífs er unnið að uppeldis- og námsmarkmiðum leikskólans. Leikurinn er leið og markmið í leikskóla. Leikur er sjálfssprottin og börnum eðlislægur. Þau leika sér af fúsum og frjálsum vilja og á eigin forsendum.

Að koma og fara

Markmið:	Viðmið:
<p>Að barn:</p> <ul style="list-style-type: none">eigi jákvæða kveðjustund við foreldri sitt.sé öruggt með stað sinn í leikskólanum.sé meðvitað um dagskipulag leikskólans og átti sig á því hvenær leikskóladeginum lýkur.	<ul style="list-style-type: none">Starfsmaður er tilbúin að taka á móti barni, býður góðan dag í byrjun dags og kveður í lok dags.Starfsmaður er tilbúinn að taka barn í fangið þegar það mætir að morgni, þegar þess er þörf.Starfsmaður aðstoði og styðji við barn við kveðjustund foreldris, þegar þess er þörf.Hvert barn á merkt fatahólf með nafni og mynd.Starfsmaður fer yfir með barninu hvernig dagurinn mun ganga fyrir sig.

Í fataherbergi

Markmið:	Viðmið:
<p>Að barn:</p> <ul style="list-style-type: none">þekki hólfið sitt og fatnað.taki meðvitaða ákvörðun um hvaða útiföt eru við hæfi er varðar veðuraðstæður og klæði sig sjálft.hjálp til við að ganga frá fötunum sínum þegar það kemur inn.auki orðaforða sinn.	<ul style="list-style-type: none">Hólf barna eru merkt með nafni og mynd.Fá börn eru samtímis í fataherbergi.Ræða við barnið fyrirfram um veðurfar og viðeigandi klæðnað.Hvetja börnin til sjálfshjálpar, fyrst það smáa s.s. húfur, sokkar, rennilásar o.þ.h.Hvetja foreldra til að koma með þægileg föt sem auðvelt er að klæða sig í.Starfsmenn setja orð á athafnir.Aðstoða barn við að ganga frá fötunum sínum.

Hreinlæti

Markmið:	Viðmið:
<p>Að barn:</p> <ul style="list-style-type: none">• læri almennar hreinlætisvenjur s.s. að þvo sér eftir salernisferðir, eftir útiveru, fara á klósett, þrifa sig eftir matartíma og þurrka sér.	<ul style="list-style-type: none">• Halda reglulegri rútínu við salernisferðir.• Fá börn eru í einu inni á salerni.• Hvetja börnin til sjálfshjálpar á salerni.• Gefa hverju og einu barni góðan tíma á klósetti eða skiptiborði.• Ræða hreinlætisvenjur við börnin.• Hvetja börnin til að prufa sjálf á klósettinu.• Hvetja börn til að nota stiga upp á skiptiborð.• Ganga fram með góðu fordæmi í hreinlæti.

Máltíðir

Markmið:	Viðmið:
<p>Að barn:</p> <ul style="list-style-type: none">• eigi gæðastund við matarborðið.• kynnist fjölbreyttum og hollum heimilismat.• læri almennar kurteisisvenjur og borðsiði.• noti gaffal við að matast.• geti matast snyrtilega.• fái rými til að þjálfa fínhyfingar.	<ul style="list-style-type: none">• Starfsmaður sest við matarborðið svo fljótt sem auðið er eftir að börnin eru sest og spjallar við börnin við matarborðið eða les ef stund gefst til.• Fullorðnir eru fyrirmyndir við matarborðið og haga sér samkvæmt því.• Börn sem eru að taka sín fyrstu skref í að mata sig fá hvatningu til að borða sjálf og aðstoð þegar þess þarf.• Börn eru hvött til að smakka allan mat.• Börn eru hvött til að biðja kurteisislega um meiri mat og að þakka fyrir matinn.

Hvíld

Markmið:	Viðmið:
<p>Að barn:</p> <ul style="list-style-type: none">• fái góða hvíld og slökun í leikskólanum.• sem er vakandi sýni öðrum börnum sem eru að hvíla sig tillitsemi.	<ul style="list-style-type: none">• Eftir matartíma fara allir í hvíldarstund.• Þeir sem þurfa fá að sofa. Svefntími er ákvarðaður í samráði við foreldra.• Þeir sem ekki þurfa að sofa fá slökunarstund með lestri og/eða hlustun.• Starfsfólk skapar rólegt andrúmsloft með beitingu raddar, slökunartónlist, lýsingu og yfirvegaðra vinnubragða.

Umgengni

Markmið:	Viðmið:
<p>Að barn læri að bera virðingu fyrir:</p>	<ul style="list-style-type: none">• Jákvæð samskipti barna og virðing fyrir öðrum eru í fyrirrúmi. Fullorðnir eru

<ul style="list-style-type: none"> • umhverfi sínu. • eigum leikskólans. • eigum annarra. 	<p>fyrirmyndir og því ber starfsfólki að sýna gott fordæmi.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Starfsfólk færi sig sem oftast í augnhæð barna í samtölum og samskiptum. • Börn eru hvött til þátttöku í frágangi eftir leik. Tekið er tillit til aldurs og þroska einstaklinga. • Starfsmenn sýni gott fordæmi varðandi umgengni í leikskólanum. • Rætt er um mikilvægi þess að hugsa vel um eigur okkar og annarra.
--	--

Útivera

Markmið:	Viðmið:
<ul style="list-style-type: none"> • Efla alhliða þroska barnsins. • Markviss málörvun fari fram í útiveru. • Auka styrk og þol. • Eiga gæðastund saman úti. • Kynnast nánasta umhverfi leikskólans. • Vinna að umhverfis- og náttúrumennt og –vernd. 	<ul style="list-style-type: none"> • Leggja áherslu á frjálstan leik í útiveru. • Fara reglulega út, einu sinni til tvisvar á dag. • Klæðast eftir veðri. • Kynna barni orðaforða veðurs og útveru. • Hvetja barnið til hreyfingar úti. • Fara í styttri gönguferðir í minni eða stærri hópum út fyrir skólalóðina 1x í viku. • Hvetja barnið til samleiks við aðra úti. • Framkvæma tilraunir með náttúruæfnum. • Skoða vel náttúru- og dýralíf á skólalóðinni og nánasta umhverfi.

Hópastarf

Markmið:	Viðmið:
<p>Að barnið:</p> <ul style="list-style-type: none"> • fái tækifæri til að taka þátt í verkefnum í hóp. • fái tækifæri til að rannsaka saman. • læri einfalda leiki. • eigi gæðastund með hópnum og hópstjóranum sínum. • efli sköpun og ímyndun. 	<ul style="list-style-type: none"> • Hópastarf er 1x í viku. • Efla og styðja við jákvæð samskipti. • Skipta barnahópnum upp í smærri hópa. • Fara í gegnum sameiginlega rannsókn.

Samverustundir

Markmið:	Viðmið:
<p>Að barnið:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Læri söng-, hreyfi- og minnisleiki. • Læri söngtexta og þulur. 	<ul style="list-style-type: none"> • Er á hverjum degi. • Efla og styðja við jákvæð samskipti. • Lesa stuttar sögur og lengja stundirnar með auknum þroska barnanna.

<ul style="list-style-type: none"> • Læri um veðurfar og hvernig klæðast þarf fyrir útiveru. • Eigi gleðistund með hópnum. 	<ul style="list-style-type: none"> • Kenna börnum að sitja kyrr, hlusta og passa hendur. • Hafa sameiginlegar samverustundir með Regnboganum 1x í viku. • Fara yfir tákn vikunnar og nota tákn með söngtextum. • Fara yfir veðurfar og hvernig fatnað þarf að klæðast í útiveru.
--	--

Vinastundir

Markmið:	Viðmið:
<ul style="list-style-type: none"> • Að efla og auka orðaforða. • Að hvetja til tjáningar og frásagnar. • Að læra boðskiptareglur. • Að vekja atygli á ritmáli. • Að fá markvissa málörvun. • Að barnið fái tækifæri til að fylgjast með lestri bóka sem hæfa þroska þess. 	<ul style="list-style-type: none"> • Að hvert barn fái vinastund 2x í viku. • Skipta barnahópnum upp í minni hópa. • Tekið fyrir boðskiptareglur Bínu. • Tekin fyrir 1-2 verkefni fyrir í hverri stund. • Fara eftir áherslupáttum úr Handbók Skýjaborgar: Leikur mál og læsi.

Leikurinn

Markmið:	Viðmið:
<p>Að barnið:</p> <ul style="list-style-type: none"> • fái tíma og rými til að leika sér. • fái tækifæri til að þróa leik sinn í hóp, auki félagsfærni og samleik. • fái rými fyrir fjölbreyttan leik til að auka hugmyndaflug sitt 	<ul style="list-style-type: none"> • Skipta barnahópnum upp í leikstundum. • Hafa frjálsan leik í fyrirrúmi í daglegu starfi. • Nota opinn efnivið í leik (könnunarleikurinn). • Hafa fjölbreyttan efnivið í boði á hverjum degi. • Starfsmaður skal vera til staðar í leik barna og taka þátt eftir þörfum. • Skrá leik barnanna, t.d. með ljósmyndum.

Námssvið leikskóla

Sjálfbærni og vísindi

Leikskólinn er Grænfánaskóli og hefur sett sér markmið í starfi til að fá að flagga Grænfánanum. Unnið er með hugmyndafræði verkefnisins í öllu starfi leikskólans. Á Dropanum er endurvinnslukassi fyrir pappír sem börnin læra að umgangast á deildinni og nýta efnið úr honum eftir áhuga og möguleika t.d. í föndur eða könnunarleik. Í allri verkefnavinnu er hugað að umhverfisþáttum og unnið með náttúrulegan og endurvinnanlegan / endurnýtanlegan efnivið. Unnið er með nánasta umhverfi leikskólans og leikskólalóðin nýtt til rannsókna og kannana.

Á Dropanum er unnið með grunnformin, hring, ferning og þríhyrning t.d. með einingakubbum. Áhersla er lögð á talnarunur og liti.

Markmið:	Viðmið:
<p>Að barnið:</p> <ul style="list-style-type: none">• fái notið útiveru á hverjum degi.• læri að þekkja leikskólalóðina og nánasta umhverfi leikskólans.• læri heiti árstíðanna og sérkenni þeirra.• Læri um form, tölur og liti.	<ul style="list-style-type: none">• Fara út á hverjum degi.• Klæðast viðeigandi fatnaði í útiveru.• Tala vel um veðurfar.• Skoða fræðibækur um dýr og náttúru.• Vekja áhuga barna á dýra- og plöntulífi í leikskólanum.• Hvetja til náttúrufræðitilrauna með vatn, sand, vind og snjó í útiveru.• Safna náttúrulegum efnivið til að nýta í skapandi starfi.• Syngja og lesa um form, tölur og liti.

Læsi og samskipti

Samskipti eru stór hluti af lífi okkar allra. Í gegnum jákvæð og uppbyggjandi samskipti eykst félagsfærni barna og sjálfsmynd þeirra styrkist. Læsi í víðum skilningi er mikilvægur þáttur samskipta. Læsi í leikskóla felur í sér þekkingu, leikni og hæfni barna til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt.

Markmið:	Viðmið:
<p>Að barnið:</p> <ul style="list-style-type: none">• fái málumhverfi við hæfi.• læri kurteisi og umburðarlyndi.• fái tækifæri til að tjá hugsanir sínar, tilfinningar, skoðanir og fyrirætlanir.• læri að nota tungumálið til að leysa ágreining. <ul style="list-style-type: none">• Að efla markvisst hljóðkerfisvitund barnsins, málskilning þess, málnotkun, orðaforða og hugtakaskilning.	<ul style="list-style-type: none">• Nota tákn með tali í daglegu starfi.• Leggja inn ný tákn í samverustundum.• Ganga fram með góðu fordæmi í samskiptum við börn og fullorðna.• Hjálpa barninu við að koma orðum á tilfinningar sínar, skoðanir og fyrirætlanir.• Nota markvissa málörvun í öllu starfi.• Sýna jákvæðri hegðun athygli og styrkja hana.

Heilbrigði og vellíðan

Í leikskóla eiga öll börn að læra um og tileinka sér heilbrigða lífshætti, hollt mataræði, hvíld, hreinlæti og hreyfingu. Hreyfing er börnum eðlislæg og stuðlar að vellíðan. Daglegar athafnir í leikskóla eiga að stuðla að líkamlegri og andlegri vellíðan barna og góðri heilsu. Umhyggja á að skipa stóran sess í starfi leikskóla og mikilvægt er að starfsfólk leikskóla myndi góð og nán tengsl við börnin.

Markmið:	Viðmið:
<p>Að barnið:</p> <ul style="list-style-type: none">• fái tækifæri til að efla gróf- og fínhreyfingar.• fái útrás fyrir hreyfiþörf sína, auki þol, einbeitingu og styrk.• geti notið jákvæðra samskipta við börn og fullorðna.• fái hollan og góðan heimilismat. <ul style="list-style-type: none">• Að jafnvægi sé milli hreyfingar og hvíldar / slökunar.	<ul style="list-style-type: none">• Starfsfólk færi sig sem oftast í augnhæð barna í samtölum og samskiptum.• Fara í skipulagðar hreyfistundir.• Fara reglulega út.• Vinna með hugarfresli (jóga, núvitund og slökun) í leikskólastarfinu.• Skapa rólegt andrúmsloft í leikskólanum.• Tryggja hvíldartíma á hverjum degi.• Sýna barninu skilning, umhyggju og vera til staðar.• Veita barni stuðning þurfi það á því að halda.• Tryggja góða aðlögun barna í leikskólann.

Sköpun og menning

Sköpun er mikilvægur þáttur í námi og þroska barna. Skapandi starf á fyrst og fremst að beinast að ferlinu sjálfu, gleðinni, tjáningunni og náminu sem á sér stað þegar hugmyndir, tilfinningar og ímyndun fá að njóta sín. Menning er samofin öllu starfi leikskóla og tengist leik barna, lýðræði, skapandi starfi og þjóðmenningu.

Markmið:	Viðmið:
<p>Að barnið:</p> <ul style="list-style-type: none">• fái útrás fyrir sköpunar- og rannsóknarþörf sína.• fái tækifæri til að kynnast ólíkum efnivið.• fái að vinna með opinn efnivið.• kynnist nánasta umhverfi sínu og sé öruggt.• kynnist hinum ýmsu hátíðum og hefðum í íslensku þjóðlífi. <ul style="list-style-type: none">• Efla samhæfingu handa og augna.• Efla sjálfstraust barnsins.• Þroska næmi fyrir hljóðum, hreyfingu og hrynjanda.• Efla frumkvæði barna í sköpun og leggja áherslu á ferlið.	<ul style="list-style-type: none">• Nota fjölbreyttan efnivið til myndsköpunar, nýta náttúrulegan og endurvinnanlegan efnivið í sköpun.• Hvetja til sköpunar inni og úti.• Skrá sköpunarferlið, til dæmis með ljósmyndum.• Leggja áherslu á söng og tónlist í daglegu starfi.• Fara í vettvangsferðir í kringum leikskólann.• Leyfa börnum að taka þátt í undirbúningi hátíða s.s. jóla og páska.

Eftirfylgd og endurskoðun

Markmið deildarnámskrárinnar eru metin árlega af starfsfólki deildarinnar. Þá fer starfsfólk yfir markmið og leiðir og spyr sig að því hvort það sé að vinna eftir þeim leiðum sem settar eru fram.

Deildarnámskráin er metin með eftirfarandi matstækjum:

- Mat starfsmanna
- Viðtöl við foreldra
- Foreldrakannanir (innra og ytra mat)
- Starfsmannakannanir (innra og ytra mat)
- Matslisti – mat á vinnubrögðum til að ýta undir tilfinninga- og félagsþroska ungra barna